Starfsþróunaráætlun

Hlutverk

Starfsþróunaráætlun Barnabóls er liður í að ná þeim markmiðum sem sett eru fyrir hvert skólaár. Áætlunin tekur mið af áherslum, styrkleikum og þróunarsvæðum leikskólans og í henni eru skilgreind fjármögnun, skipulag og reglur um starfsþróun.

Leikskólastjóri ber meginábyrgð á gerð, framkvæmd og eftirfylgni starfsþróunaráætlunar. Starfsfólk ber ábyrgð á eigin símenntun með því að greina starfsþróunarþarfir sínar, sýna frumkvæði að fræðslu og vinna markvisst að því að efla þekkingu sína og færni.

Tími til starfsþróunar ræðst af þörfum leikskólans og því fjármagni sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Skilgreining á starfsþróunarþörf

Hverjum leikskóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun. Starfsþróun má skipta í tvo þætti:

1. Starfsþróun sem er nauðsynleg fyrir leikskólann.
2. Starfsþróun sem starfsmaður metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslu út frá áherslum komandi skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun leikskólans.

Starfsfólki er skylt að sækja þá fræðslu sem ákveðin er samkvæmt starfsþróunaráætlun leikskólans. Námskeið og fræðsla sem skólastjórnendur ákveða eru starfsfólki að kostnaðarlausu og fara fram á starfsdögum, starfsmannafundum eða á öðrum vettvangi eftir því sem við á.

Leikskólastjóri tekur ákvörðun um þátttöku í námskeiðum sem starfsmenn óska eftir, með hliðsjón af þörfum leikskólans, áhuga starfsmanns og því hvernig viðkomandi getur nýtt þekkinguna í starfi.

Í árlegum starfsmannasamtölum er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna varðandi starfsþróun og þær skráðar til grundvallar við gerð áætlunar.

Starfsmenn geta óskað eftir að stunda nám samhliða starfi sem tengist starfssviði þeirra. Leikskólastjóri tekur ákvörðun um slíkan stuðning með hliðsjón af starfsaðstæðum, áhuga, hæfni og fyrri frammistöðu starfsmanns. Sveitarfélagið greiðir laun vegna námslota samkvæmt gildandi reglum.

Mat á árangri

Leikskólastjóri ber ábyrgð á skráningu og staðfestingu starfsþróunar. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og framvísa staðfestingum þegar starfsþróunarverkefni eða námskeiði er lokið.

Matshæf símenntun er sú símenntun sem samþykkt hefur verið af starfsmanni og stjórnanda og getur farið fram á eða utan vinnutíma.

Við mat á árangri er meðal annars litið til:

- þátttöku í fræðslu og námskeiðum,
- nýtingar nýrrar þekkingar í starfi,
- þátttöku í þróunarverkefnum,
- framlags til faglegs lærdómssamfélags.

Leikskólastjóri metur árangur starfsþróunar í samráði við starfsfólk og gerir viðeigandi ráðstafanir ef þörf er á frekari starfsþróun.

Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar

Janúar og febrúar

- Starfsmannasamtöl fara fram og niðurstöður þeirra nýtast við gerð starfsþróunaráætlunar.
- Starfsmenn koma með óskir um námskeið og fræðsluerindi.

Mars

- Starfsfólk metur árangur skólaársins meðal annars í starfsmannakönnun.
- Stjórnendur taka saman niðurstöður og vinna drög að starfsþróunaráætlun næsta skólaárs.
- Farið er yfir fjárhagsáætlun og kostnaður vegna endurmenntunar áætlaður.

Apríl og maí

- Starfsþróunaráætlun næsta skólaárs er fullunnin.

Ágúst og september

- Starfsþróunaráætlun er kynnt fyrir starfsfólki á starfsmannafundi.
- Starfsfólk fylgir eftir markmiðum sínum og skráir eigin símenntun.
- Stjórnendur veita stuðning og tryggja að sameiginleg fræðsla fari fram samkvæmt áætlun.

Áherslur skólaársins 2026–2027

Námsferð til Prag

Farið verður í námsferð til Prag vorið 2027. Markmið ferðarinnar er að efla fagþekkingu starfsfólks og kynna því ólíkar áherslur í leikskólastarfi.

Í ferðinni verða heimsóttir leikskólar sem leggja sérstaka áherslu á sjálfbærnimenntun. Einnig verður skoðuð skógardeild leikskóla þar sem áhersla er lögð á útinám, umgengni við húsdýr og matjurtaræktun sem hluta af daglegu starfi barna.

Starfsfólk mun jafnframt sækja tvö námskeið:

- **Streitulosun og vellíðan – verkfæri fyrir kennara**, þar sem áhersla er lögð á leiðir til að efla vellíðan, seiglu og sjálfsumönnun í starfi.
- **Lista-, tónlistar- og dansmeðferð**, þar sem fjallað verður um hvernig skapandi tjáning getur stutt við nám og þroska barna. Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja fjölbreytileika og skapa aðstæður þar sem mismunandi leiðir barna til að læra, tjá sig og blómstra fá notið sín.

Ferðin er liður í starfsþróunaráætlun leikskólans og ætlað að styðja við faglegt lærdómssamfélag, nýjar hugmyndir í leikskólastarfi og aukna vellíðan starfsfólks og barna.

Jákvæður agi

Áfram verður unnið með innleiðingu jákvæðs aga í öllu starfi leikskólans. Fræðsla, umræður og verkefnavinna tengd jákvæðum aga fara fram á starfsmannafundum og starfsdögum samkvæmt innleiðingaráætlun.

Lærdómssamfélag og teymisvinna

Áhersla verður lögð á virkt lærdómssamfélag þar sem starfsfólk vinnur saman að faglegri þróun og miðlun þekkingar.

Þróunarstarf á vettvangi

Haldið verður áfram að efla faglega forystu og þróunarstarf innan leikskólans. Lögð verður áhersla á rannsóknir á eigin starfi, ígrundun og miðlun reynslu innan starfsmannahópsins með það að markmiði að bæta menntun og vellíðan barna.

Menntastefna sveitarfélagsins og tenging við námskrá leikskólans

Ný menntastefna sveitarfélagsins hefur verið samþykkt og verður innleiðing hennar eitt af áhersluverkefnum skólaársins. Markmiðið er að tengja stefnuna markvisst við námskrá leikskólans, daglegt starf og það þróunarstarf sem þegar er í gangi innan leikskólans.

Á skólaárinu verður unnið að því að greina helstu áherslur menntastefnunnar og samræma þær gildum, markmiðum og starfsháttum leikskólans. Sérstök áhersla verður lögð á að efla lærdómssamfélag starfsfólks, styðja við velferð og þátttöku allra barna og styrkja samstarf heimilis og leikskóla.

Innleiðingin verður hluti af námskrárvinnu leikskólans og mun starfsfólk vinna sameiginlega að því að móta leiðir til að samþætta áherslur menntastefnunnar við daglegt starf, leik, nám og þroska barna. Markmiðið er að tryggja samfellu milli stefnu sveitarfélagsins og þeirrar menntunar sem börn fá í Barnabóli.

Menntun og starfsþróun starfsfólks

Leikskólinn styður starfsfólk sem stundar nám samhliða starfi og hvetur til aukinnar fagmenntunar. Markmið er að efla fagþekkingu innan leikskólans og styrkja starfsemina til framtíðar. Einn starfsmaður verður í leikskólakennaranámi samhliða vinnu þetta skólaár.

Heilsuefling og vellíðan

Áfram verður lögð áhersla á vellíðan starfsfólks, jákvæð samskipti, samvinnu og starfsánægju. Markviss vinna að heilsueflingu og góðum starfsanda er mikilvægur þáttur í þróun leikskólans.

Endurskoðað: október 2026
Ábyrgð: Leikskólastjóri Barnabóls
Gildistími: Skólaárið 2026–2027